

2. kafli: Menning

Hugtök

Menning, efnisleg og huglæg

Gildi

Viðmið

Félagslegt taumhald, formlegt og óformlegt

Viðgjöld, jákvæð og neikvæð

Þjóðhverfur hugsunarháttur

Afstæðishyggja

Hnattvæðing

Menningarkimar

Fordómar

Blóraböggull

Minnihlutahópur

Rasismi (kynþáttahatur)

Fjölmennig

2. kafli: Menning

Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:

1. Hver er uppruni manna og hvað aðgreinir þá frá dýrum?
2. Hvert er mikilvægi menningarinnar fyrir mannkynið?
3. Hverjar eru helstu orsakir fyrir breytingum á menningunni?
4. Hvað eru viðmið og gildi og hver er munurinn þar á?
5. Hvað er félagslegt taumhald, hverjir nota það og hvernig virkar það?
6. Hver er munurinn á þjóðhverfum hugsunarhætti og afstæðishyggju?
7. Hvert er mikilvægi tungumálsins fyrir mannkynið?
8. Hvað segir kenningin um afstæðni tungumálsins?
9. Hvað er hnattvæðing og hverjar eru helstu afleiðingar hennar?
10. Hvað eru menningarkimar og hvers vegna koma þeir fram?
11. Hvers konar fordómum verða minnihlutahópar og innflytjendur aðallega fyrir?
12. Hvað er fjölmening og hvaða hugmyndir eru þar að baki?
13. Er maðurinn fangi menningarinnar?

2. kafli: Menning

Verkefni:

1. Finndu nýleg dæmi í fjölmiðlum um viðmið og félagslegt taumhald, 2 dæmi um hegðun sem fylgir ríkjandi viðmiðum og 2 um hegðun sem brýtur gegn félagslegum viðmiðum. Rökstyddu val þitt á dæmunum.
 - a. Lýstu í hverju tilviki fyrir sig hvaða hegðun það er sem fylgir viðmiðum eða brýtur þau.
 - b. Hvernig er félagslega taumhaldinu beitt í hverju dæmi fyrir sig, er það formlegt eða óformlegt og eru viðgjöldin jákvæð eða neikvæð?
2. Athugaðu hversu margir erlendir ríkisborgarar búa núna á Íslandi og frá hvaða löndum. Hvaða hópar eru fjölmennastir?
3. Kannaðu réttindi erlendra ríkisborgara sem koma til Íslands að vinna. Er munur á réttindum þeirra eftir því hvaðan þeir koma?
4. Hvernig er tekið á móti börnum, sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli, í íslenskum skólum? Hver eru réttindi þeirra?
5. Verða útlendingar fyrir rasisma á Íslandi? Hvað er rasismi og hvernig getur hann birst?
6. Kynntu þér vel einhvern menningarkima á Íslandi. Hvað gerir það að verkum að kalla má hópinn menningarkima?
7. Hvernig hefur hnattvæðingin haft áhrif á Íslandi? Athugaðu samsetningu vinnuaflds á Íslandi, til dæmis við umönnunarstörf, í byggingarvinnu eða fiskvinnslu. Hvar í heiminum hafa íslensk fyrirtæki verksmiðjur?
8. Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar og rökstyddu mál þitt:
9. „Það er hægt að kenna Íslendingum mannát á einum mánuði ef vel er að verki staðið.“
10. Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar og rökstyddu mál þitt með tilvísan í 3. kafla bókarinnar.
11. „Menning heimilanna er áreiðanlega að hverfa hér á Íslandi. Það lítur að minnsta kosti þannig út, því fólk þarf að sækja sér ánægju út fyrir heimili sín. Það hefur ekki lengur yndi af því að sitja heima og hafa um hönd þjóðlegar bókmenntir, lesa fornsögur eða kveða rímur.“